

STAÐFESTING Á NOTHÆFI BYGGINGARVÖRU

Húsasmiðjan ehf., Kt. 551211-0290.
Tengiliður: Eggert Þ Gottskálksson

Númer: 202206-0193

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga um byggingarvörur nr. 114/2014 staðfestir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun eftirfarandi nothæfi byggingarvörunnar:

Viðbragð við bruna/brunamótstaða:

El₂ 30-CS₂₀₀

Gildistími: 29.06.2025

Staðfesting þessi nær til brunahólfandi El₂ 30 – CS₂₀₀ eldvarnarhurða til innanhússnota af tegundunum „**T30-1-RS-Typ48 SK3, T30-1-RS Typ70 SK4 og TIT K42**“ Framleiddar af JELD-WEN Deutschland GmbH & Co. KG

Með tilvísun í eftirfarandi prófunarskýrslur:

Prufbericht Nr: 14-001590-PR01, 14-001590-PR01, 271-41483 og 271-43267. Útgefandi IFT Rosenheim

Prufbericht Nr: 11-003559-PR01, 11-003559-PR02, 12-001143-PR01, 12-001143-PR02. Útgefandi IFT Rosenheim

Prufbericht Nr: 317012604-1, 317012604-1. Útgefandi Institut für Brandschutztechnik und Sicerheitsforschung IBS

- Uppbygging hurða og karma skal vera í samræmi við lýsingu framleiðanda.
- Allir íhlutir skulu vera CE vottaðir/merktir eftir því sem við á.
- Stærð hurðarfleka (b x h) skal ekki vera meiri en skv. lýsingu prófunaraðila.
- Ísetning hurða, festingar og þétting inn í karm og milli karms og veggja, skal gerð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.
- Til að hurðin flokkist sem El₂ 30-S₂₀₀ skal hurðin vera útbúin viðurkenndum reykþéttilistum og þanlistum
- Til að hurðin flokkist sem El₂ 30-CS₂₀₀ skal auk þess sett á hurðina CE vottuð dyrapumpa
- Hver einstök hurð skal greinilega merkt í bakkanti hurðar við efstu löm með nafni og framleiðanda, með brunaeiginleikum/brunamótstöðu viðkomandi hurðar, og með nafni staðfestingaraðila (HMS) og númeri staðfestingar á nothæfi.

Prófun: Framangreind byggingarvara er framleidd undir skjalfestri og stöðugri innri framleiðslustýringu, sbr. 11. gr. laga um byggingarvörur, og samkvæmt vottuðu gæðakerfi. Ofangreind brunaflokkun hurðategundanna Ty48 og Typ70 byggir á prófunum skv. EN 1634, IFT Rosenheim GmbH framkvæmdi þær prófanir sem staðfesting þessi byggir á ásamt ákvæðum eftirfarandi staðla: EN 13501-1/-2. Einnig er stuðst við endur umsögn fyrir hurðategundina TIT K42 (áður Moralt) sem framkvæmd var af Institut für Brandschutztechnik und Sicerheitsforschung IBS útefíð 22.05.2017.

Reykjavík, 1. Júlí 2022

F.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar



Ásgrímur Eiríksson
Brunavarnasvið

LÖG UM BYGGINGARVÖRUR NR. 114/2014.

12. gr. *Krafa um staðfestingu óháðs aðila.*

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal afla staðfestingar Mannvirkjastofnunar eða annars aðila sem ráðherra viðurkennir á nothæfi byggingarvöru með tilliti til brunapols og brunaeiginleika byggingarvöru, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. 10. gr.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal afla staðfestingar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eða annars aðila sem ráðherra viðurkennir á nothæfi byggingarvöru með tilliti til þeirra eiginleika og þátta sem falla undir 2. mgr. 10. gr., að undanskildum 1. og 2. tölul., og 4. mgr. 10. gr.

Sá sem óskar staðfestingar samkvæmt þessari grein skal greiða þann kostnað sem af henni hlýst. Gjald fyrir staðfestingu skal ákveðið í gjaldskrá viðkomandi stofnunar. Upphæð gjaldsins skal taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður.

Við staðfestingu, þ.m.t. ákvörðun um frekari gerðarprófun skv. 2. mgr. 11. gr., skal höfð hliðsjón af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um hlutverk framleiðanda og tilkynnts aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur, en ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um einstaka vörflokka skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur.